

September 2021 Matseðill og ýmsir viðburðir

Regla mánaðarins: Að hafa hendur og fætur hjá sér.

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Vika 4		Tákn: Bolti		
		1 Kjötbollur, kartöflur, brún sósa, sulta, hrásalat, grænar baunir	2 Steikt kryddbleikja, kartöflur, smjör, kaldar sósur, salatbar	3 Rjómalöguð grænmetissúpa, brauð, álegg
Vika 5		Stafur vikunnar: A Tákn: Bók		
6 Soðið slátur, kartöflustappa, rófur	7 Þorskur undir krydduðum osta- og rasphjúp, kartöflur, ferskt salat	8 Kjúklingabringur, brún sósa, kartöflubátar, maísbaunasalat	9 Paprikufiskur í formi, hrísgrjón, salatbar	10 Mexíkósk kjúklingasúpa, snakk/ostur/sýrður rjómi, heimabakað brauð
Vika 6		Stafur vikunnar: M Tákn: Mamma		
13 Bókavika Sveitabaka, kartöflustappa, melónusalat	14 Steiktur fiskur í fjölkorna raspi, kartöflur, kaldar sósur, gúrkur/tómatar	15 Lambakjöt, kartöflubátar, piparsósa, pastasalat	16 Gufusoðnir þorskhakkar, kartöflur, brætt lauksmjör, tómatsósa, rúgbrauð, salatbar	17 Haustþingsdagur Lokað
Vika 7		Stafur vikunnar: B Tákn: Pabbi		
20 Hakkabuff, kartöflustappa, brún sósa, sulta, gular/grænar baunir	21 Fiskinaggar, hrísgrjón, súrsæt sósa, gulrótasalat	22 Svínasnitel, kartöflubátar, sveppasósa, rúsinusalat	23 Fiskur í mexicosósu, hrísgrjón salatbar	24 Gúlassúpa og heimabakað brauð
Vika 8		Stafur vikunnar: N Tákn: Ganga		
27 Taco hakkvefjur m/snakk, ostasósu og osti ofaná, gúrkusósa, ferskt salat	28 Fiskibollur, kartöflur, karrýsósa, spínatsalat	29 Leikfangadagur Lasagne, kartöflumús, hrásalat	30 Plokkfiskur, rúgbrauð, salatbar	1 okt

Bókavika

Hvert barn má koma með eina bók í einu. Barnið má geyma bókina í leikskólanum alla vikuna ef það vill eða fara með hana heim og koma með aðra bók næsta dag. Kennarar gæta þess að einhvern tímann í vikunni sé ein bók hvers barns lesin. Munið að merkja bækurnar.

Merkjum fötin

Við hvetjum ykkur til að merkja öll utanyfirföt, vettlinga, skó og stígvél. Það er hægt að merkja flest með venjulegum penna eða tússpenna, en svo er líka hægt að fá borða til að strauja inn í fötin og límmiða í skó og stígvél. Aðalatriðið er að hægt sé að sjá hver eigandinn er, þá ætti allt að geta farið á rétta staði.

Tákn vikunnar

Í hverri viku verður kynnt tákn vikunnar. Táknin er hægt að sjá á <http://birkilundur.skagafjordur.is> > um Birkilund > Tákn með tali. Þar eru einnig söngtextar með táknum, sem við syngjum stundum í leikskólanum. Þannig gefst foreldrum tækifæri til þess að skoða þetta heima með börnunum ef áhugi er fyrir því.

Stafur vikunnar

Stafur vikunnar verður kynntur fyrir börnunum í upphafi hverrar viku. Síðan verður unnið með hann á einhvern hátt þá viku en misjafnt milli hópa og vikna hvernig það verður gert. Á <http://birkilundur.skagafjordur.is> > um Birkilund > stafur vikunnar er hægt að sjá hver stafur vikunnar er hverju sinni.

SMT

Við rifjum upp og kennum reglurnar okkar. Við notum félagslega hvatningu og hrós til að styðja við jákvæða hegðun og notum skýr fyrirmæli, svo börnin viti til hvers er ætlast af þeim.

Veikindi

Mikilvægt er að foreldrar haldi börnum sínum heima ef þau eru slöpp eða með flensulík einkenni. Æskilegt er að hafa börnin heima ef þau eru illa sofin eða líður illa af öðrum orsökum, þó þau séu ekki með hita.

Mikilvægt er að tilkynna veikindi og fjarvistir barnsins til leikskólans.

Koma og brottför barna

Mikilvægt er að foreldrar fylgi börnum inn á deild eða skili þeim í hendur kennara þegar þau koma í leikskólann. Kennarar hafa ekki tók á að fylgjast með hverjir koma og við viljum ekki að barn sé eitt í fataherberginu og enginn kennari viti af því þar.

Einnig er mikilvægt að láta vita af sér þegar barn er sótt svo kennarar viti örugglega af því þegar það fer.

Haustþingsdagur og starfsdagur

Leikskólinn verður lokaður föstudag 17. september vegna Haustþingsdags. Þá er áætlað að allt leikskólastarfsfólk á norðurlandi vestra komi saman á Laugarbakka og fái fræðslu um fjölbreyttar kennsluáðferðir, fjölmenningu og forvarnir og viðbrögð við kynferðisofbeldi á börnum.

Þriðjudag 12. október verður starfsdagur og leikskólinn lokaður.

Viðtalstímar deildarstjóra:

Guðbjörg Sigfúsdóttir	mánudagar kl 13:00-14:00
Sigríður Helgadóttir	miðvikudagar kl 13:00-14:00
Sigurbjörg Egilsdóttir	föstudagar kl 12:00-13:00

Á þessum tímum eru deildarstjórnarnir yfirleitt í leikskólanum en ekki með viðveru á deild og því möguleiki að geta rætt við þá í næði.

Leikskólastjóri er alla jafnan með viðveru á Reynilandi á mánudögum og miðvikudögum kl 8:15-9:00.